

Mál nr. 525/2011
M og
Vátryggingafélagið V v. Þjófnaðartryggingar, heimilisverndartryggingar.

Bifreið stolið í München þ. 20.-21. 8.2011.

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 27.12.2011 ásamt fylgiskjöllum 1-13
2. Bréf V dags. 16.1.2012.

Málsatvik.

M segist hafa verið á ferðalagi í Evrópu ásamt fjölskyldu sinni og aðfaranótt 20-21. ágúst hafi bifreið sinni verið stolið ásamt lausafjármunum sem í bifreiðinni voru. M tilgreinir að mikið magn af lausafjármunum hafi verið í hinni stolnu bifreið og bendir á skýringar á því að svo mikið magn af lausafjármunum hafi verið í bifreiðinni í umrætt sinn. M krefst bóta vegna tjónsins. V hafnar bótaskyldu og telur að um ósamræmi og ótrúverðugleika sé að ræða í upplýsingagjöf M um tjónsatvikið. V bendir á að M telji fram tvo hluti sem hafi verið í bifreiðinni í skýrslu hjá lögreglu, myndavél og fartölva og nokkur föt. V segir að það hafi síðan verið þ. 14.10. s.l. sem M hafi afhent V lista yfir þá mun sem M telji að hafi verið stolið og sé sá listi verulega frábrugðin þeim upplýsingum sem hann hafi gefið hjá lögreglu. V segist hafna bótaskyldu á þeim munum sem ekki eru tilgreindir í frumskýrslu lögreglu. Þá segir V að ekkert liggi fyrir um að M hafi átt þau verðmæti sem hann krefjist að fá bætt. V telur að M hafi gefið rangar upplýsingar í því skyni að fá bætur sem hann hafi ekki átt rétt á og hafnar V því bótaskyldu úr tryggingunni að öllu leyti með vísan til greinar 5.3.í 10.kafla skilmála Heimilisverndar.

Álit.

Af gögnum málsins virtum verður ekki séð að M hafi sýnt fram á eða gert sennilegt að hann hafi orðið fyrir því tjóni sem hann krefst að fá bætt úr Heimilisverndartrygginu sinni hjá V. Eins og málum er háttað sbr. grein 5.3.í 10.kalfa vátryggingaskilmála á M ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr tryggingu sinni hjá V.

Reykjavík 14.2. 2011.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.